



Morgunblaðið, 05.10.2021, síðu 28  
grein stærð: 78.40 sm<sup>2</sup>  
grein hæð: 15.49 sm

# Guðjón valinn til að sýna næstur

## ● Sýnir næsta haust



Guðjón  
Ketilsson

Myndlistarmaðurinn Guðjón Ketilsson hefur verið valinn til þess að halda yfirlitssýningu á verkum sínum í Listasafni Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum haustið 2022.

Verk Guðjóns

verða þá sýnd í sýningarröð þar sem sjónum er beint að ferli starfandi listamanna sem þegar hafa með fullmótuðum höfundareinkennum sett svip sinn á íslenska listasögu. Fyrri listamenn í sýningarröðinni eru Guðný Rósa Ingimarsdóttir – en sýning hennar var opnuð um liðna helgi, Sigurður Árni Sigurðsson, Ólöf Nordal, Haraldur Jónsson og Anna Línal.

Guðjón (f. 1956) hefur komið víða við á löngum ferli. Einkum hefur hann lagt rækt við skúlptúr en teikning leikur einnig stórt hlutverk í listsköpun hans. Áberandi í verkum hans er áherslan á handverk, enda eru verk hans kunn fyrir listfengi, hugvitssemi og alúð. Hann hefur haldið á þriðja tug einkasýninga og tekið þátt í fjölda samsýninga, heima og erlendis.